



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Til aðildarsveitarfélaga SSH

Kópavogur, 8.03.2016
1603001 PG

Varðar: Átak í viðhaldi og endurnýjun gatnakerfisins

Á fundi stjórnar SSH hinn 7. mars 2016 var fjallað um ofangreint viðfangsefni, og eftirfarandi bókun gerð:

”Stjórnarformaður gerði grein fyrir viðræðum sínum við vegamálastjóra um sameiginlegt átak Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna slæms ástands og mikils slits á gatnakerfi á höfuðborgarsvæðinu. Átakið fælist í sameiginlegri greiningu á ástandi, tillögum að framkvæmdaáætlun til næstu ára, samantekt rannsókna og annarra gagna um ástæður núverandi stöðu, malbikun og annað sem verkefninu við kæmi og tillögugerð og umfjöllun um fjármögnun þess sem gera þyrfti. Sameiginleg verkefnisstjórn myndi stýra áttakinu.”

Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra SSH var falið að fylgja málinu eftir við aðildarsveitarfélögin

Um leið og bókun stjórnar SSH er komið á framfæri við aðildarsveitarfélögin er jafnframt send í meðfylgjandi fylgiskjali tillaga að verklagi og framkvæmdaáætlun vegna þessa verkefnis og óskað eftir efnislegri afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna ein sfljótt og auðið er

Virðingarfyllt

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt: Tillaga að verklagi og framkvæmdaáætlun „Átak í viðhaldi og endurnýjun gatnakerfisins“